

Sp.

105. Fyrirspurnir.

[92. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um váttryggingu fiskiskipa.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Er að vænta frá hendi ráðherra tillagna eða frv. til laga um váttryggingu fiskiskipa, sem miði að lækkun váttryggingariðgjalda, sbr. yfirlýsingu í málefna-samningi ríkisstjórnarinnar?

II. Til sjávarútvegsráðherra um tryggingamál sjómanna.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir einföldun á tryggingakerfi sjómanna, annaðhvort með breytingu á gildandi lagaákvæðum, nýrri lagasetningu eða með því að koma á viðræðum milli heildarsamtaka sjómanna og atvinnu-
rekenda um málið?

III. Til heilbrigðismálaráðherra um úrbætur í heilbrigðisþjónustu í Ólafsfirði og Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvað hefur verið gert til þess að fá lækni til Ólafsfjarðar í vetur? Er líklegt, að læknir fái st þangað, og þá hvenær?
2. Hvað hefur verið gert til þess að bæta heilbrigðisþjónustu í Norður-Þingeyjarsýslu?
3. Hefur verið reynt að fá lækni til Kópaskers eða Raufarhafnar yfir vetrarmánuðina?